

sett firma hér í bæ samkvæmt L. nr. 77 frá 1921 um hlutafélög og samkvæmt því eigi gjörðarþoli hvergi lögheimili hér á landi, en falli undir B-lið 6. gr. útsvarslaganna nr. 46 frá 1926, hvað útsvarsskylduna snertir.

Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn, er sýni það, að hér sé um útlent félag að ræða, hinsvegar verður að telja það fyllilega sannað, að félagið sé íslenskt og hafi frá upphafi átt heimilis- og varnarþing í Reykjavík, enda hefir áður verið lagt á það útsvar hér sem heimilisfast félag. Umboðsmaður þess hefir ennfremur gefið skýringu á því, hversvegna félagið hefir aldrei verið skrásett hér, en á það hafa ekki verið bornar brögður, að félagið væri útsvarsskylt.

Félagið telur sig vera hlutafélag og er enn starfandi að vissu leyti. Ákvörðun félagsfundar um að flytja heimilisfang þess getur ekki ein út af fyrir sig talizt nægileg til þess, að litið verði svo á, að flutningurinn hafi farið fram. En um þetta liggur ekkert annað fyrir en áðurnefndar tilkynningar, sem lagðar hafa verið fram í afriti, og engin sönnun liggur einu sinni fyrir um það, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi fengið umrædda tilkynningu, og gegn mótmælum gjörðarbeiðanda verður það að teljast ósannað, að ráðgerð breyting á heimilisfangi gjörðarþola hafi nokkurntíma komizt í framkvæmd.

Hin framkomnu mótmæli gjörðarþola geta því ekki orðið tekin til greina.

Mánudaginn 8. febrúar 1937.

Nr. 162/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Hallgrími Guðmundssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur fyrir sölu áfengis.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. sept. 1936: Kærður, Hallgrímur Guðmundsson, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 1000 króna sekt til

menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði hefir með áfengissölu þeirri, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur um brot á ákvæðum 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Og með því að fallast má á forsendur dómsins, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur hvorum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Hallgrímur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hallgrími Guðmundssyni, atvinnulausum, til heimilis á Hverf-

isgötu 83 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33. 9. janúar 1935, og eru málavextir, samkvæmt eigin játningu kærðs, þeir, er nú skal greina:

Síðan í júnimánuði þessa árs hefir kærður fengizt við áfengissölu. Hefir hann keypt brennivín í Áfengisverzlun ríkisins og selt aftur með tveggja til þriggja króna álagningu hverja flösku. Ennfremur hefir hann stundum skipt þriggja pela flösku í tvennt og selt hálfs annars pela flöskuna fyrir kr. 4.50—5.00. Áfengið hefir kærður aðallega selt í kringum Reykjavíkur Bar og mest um helgar. Ekki hefir þó kveðið mikið að áfengissölu kærðs, og eftir hans eigin sögusögn hefir hann ekki haft nema ca. kr. 250.00 í ágóða af henni síðan hann byrjaði að selja í júní síðastliðinn. Kærður er þurfalingur Reykjavíkurbæjar og heilsuveill. Kveðst hann hafa fengizt við áfengissölu þessa sökum mikilla fjárkaupsvandráða (sic).

Hann hefir áður sætt refsingum sem hér segir: Þann 25. marz 1933 dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 1000 króna sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir bruggun og sölu áfengis. Þann 27. maí 1933 dæmdur í sama rétti í 1500 króna sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir sama brot, og var sá dómur staðfestur í hæstarétti 25. október sama ár.

Þann 7. apríl 1934 dæmdur í sama rétti í 3000 króna sekt og þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir sama brot.

Þykir refsing kærða fyrir framangreinda áfengissölu og með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.